

Alþingi

Erindi nr. D 120/2067

kömudagur 24.5.1996



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins dags. 21.5.1996

Helstu breytingar í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar:

1. Forstöðumanni - og eftir breytingu fjármálaráðherra - veitt vald til að segja upp kjörum starfsmanns umfram lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum óháð skilmálum ráðningarsamnings, skv. 9. gr. Neikvætt. Greinin enn alveg óásættanleg.
2. Föst laun skilgreind þrengra en hingað til, þ.e. föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna, sbr. 10. gr. Neikvætt. Greinin óásættanleg.
3. Brottfelld ákvæði varðandi orlof sem stangast á við kjarasamninga, sbr. 11. gr. (Jákv.)
4. Breytt ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma til samræmis við kjarasamninga, sbr. 13. gr. (Jákv.)
5. Forstöðumanni gert skylt að veita starfsmanni skriflega áminningu fyrir óstundvísi o.fl. í starfi til samræmis við gild. lög, sbr. 21. gr., 26. gr. og 44. gr. Jákvætt. Óljóst þó um réttarstöðuna sbr. 43. gr.
6. Hugtakið embættismenn þrengt og takmarkað að mestu við nákvæmlega tilgreind embætti ef undan eru skildir eftirtaldir hópar: lögreglumenn, tollverðir og fangaverðir og svo ótilgreindir forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. 22. gr., 5. gr. og br.ákv. Jákvæð breyting.
7. Upplýsingaskylda aukin gagnvart skipuðuðum starfsmanni varðandi endurskipun í embætti, sbr. 23. gr. Jákvæð breyting.
8. Endurbætur á ákvæðum varðandi lausn úr starfi, sbr. 26. gr. Jákvæð breyting.
9. Endurbætur á ákvæðum varðandi þann sem kemur aftur til starfa eftir lausn um stundarsakir, sbr. 28. gr. og 29. gr. Jákvæð breyting.
10. Réttur til lausnarlauna embættismanna óskertur, sbr. 3. mgr. 30. gr. Jákvæð breyting.
11. Réttur embættismanna til biðlauna og starfslokalauna miði við óskert launakjör, sbr. 34. og 35. gr. Jákvæð breyting.
12. Lágmarkstímabrestir og upplýsingaskylda lögð á stjórnvald sem ætlar að beita embættismann eða starfsmann framlengingu, sbr. 37. og 46. gr. Jákvæð breyting.
13. Sérstökum hópum embættismanna, lögreglu, tollvörðum og fangavörðum, veittur takmarkaður samningsréttur, sbr. 39. gr. Jákvæð breyting.
14. Uppsagnarfrestur almennra starfsmanna skal vera 3 mánuðir eftir reynslutíma, sbr. 41. gr. Jákvæð breyting.
15. Brottfelld ákvæði um sérstöðu utanfélagsmanna, sbr. 2. mgr. 47. gr. Jákvæð breyting.
16. Staða starfsmanna Alþingis gerð skýrari og samræmd öðru, sbr. 51. gr. Jákvæð breyting.
17. Ýmsar lagfæringar á ákvæðum um kjaradóm og kjaranefnd, sbr. 56. gr.

Óásættanlegir gallar á frumvarpinu

1. Skylda að auglýsa á laus störf takmörkuð og sett að miklu leyti undir geðþóttavald fjármálaráðherra (7. gr.).
2. Förstöðumenn fá óskilgreinda og ótakmarkaða heilmild til að segja upp starfsmönnum skv. efni ráðningarsamninga og fjármálaráðherra fær nánast sjálfðæmi til að ákvarða efni þeirra (43. gr.).
3. Ráðningarfesta og starfsöryggi sett í uppnám með heimildum til að segja upp starfsmönnum sem ekki sýna fullnægjandi árangur í starfi sem er í hæsta máta matskennd ákvörðun (21., 26. og 46. gr.).
4. Umsamin ráðningarkjör önnur en kjarasamningsbundin kjör tekin undan skilmálum ráðningarsamnings um uppsögn (9. gr.).
5. Málsskotsréttur stjórnarsýslulaga undantekning en ekki meginregla (49. gr.).
6. Fæðingarorlofs- og veikindaréttur starfsmanna sem ráðnir eru eftir gildistöku nýrra laga eru í uppnámi (12. gr. og br. b. ákv.).
7. Lagaskylda að veita embættismanni lausn eftir veikindi (30. gr.)
8. Biðlaunaréttur starfsmanna, sem eru í starfi, er stórlega skertur og nánast afnuminn í reynd og biðlaunaréttur tekinn af starfsmönnum, sem koma síðar til starfa. Engar bætur á móti (br. b. ákv.).
9. Margháttuðum og úreltum sérstökum skyldum starfsmanna ríkisins er ýmist aðeins haldið til streitu eða auknar (4. kafli, 7. kafli og 46. gr.).
10. Samningsréttur stéttarfélaganna enn talinn *sérstök réttindi* (47. og 48. gr.).
11. Samnings- og verkfallsréttur stéttarfélaganna takmarkaður með óeðlilegum hætti (þó verulega hafi skánað).
12. Tjáningarfrelsi embættismanna takmarkað með hótunum um fésektir (40. og 53. gr.)
13. Samráðsskyldu gildandi laga ekki sinnt.
14. Enn ekki ljóst hvert yrði efni *bandormsfrumvarps*, sérstaklega eftir síðustu breytingar á frumvarpinu.

Afstaða Bandalags háskólamanna

Bandalag háskólamanna ítrekar fyrri afstöðu sína til frumvarpsins í heild sinni og krefst þess að það sé dregið til baka og þess freistað að ná samkomulagi við heildarsamtök starfsmanna ríkisins um breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins.

Reykjavík, 21. maí 1996

Birgir Björn Sigurjónsson